

Mál nr. 260/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Miskabætur. Stórfellt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. júlí 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. ágúst 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 1. september 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 24. febrúar 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 16. júlí 2024, rakst bifreiðin A á M aðfaranótt 14. júlí 2024. Var M fótgangandi, en hann var ásamt tveimur öðrum, X og Y, á leið heim til sín eftir veislu og var að gangi eftir brú við Hvammsveg, Hrunamannahreppi þegar atvikið varð. Gekk hann á akbrautinni en hin tvö á gangstétt samsíða henni. Hlaut M nokkurt líkamstjón af, en samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð, dags. 10. júlí 2025, er varanlegur miski hans metinn til 28 stiga og varanleg örorka 20%. Við skýrslugjöf hjá lögreglu, dags. 26. júlí 2024, sagðist M ekki muna mikið eftir atvikinu en hann hefði rankað við sér á malbikinu. Aðspurður um hvar hann hefði verið staðsettur í aðdraganda atviksins sagðist hann ekki muna það en að hann telji að hann hafi verið upp við gangstéttina þar sem X og Y hafi verið þar. Við skýrslutöku hjá lögreglu, dags. 15. júlí 2024, lýsti ökumaður A, Z, atvikum svo að hún hafi verið á leið yfir brúna þegar hún hafi tekið eftir M á miðjum veginum og var hann að henni virtist dansandi. Z hafi reynt að bremsa og beygja til vinstri frá M en það hafi ekki tekist og hafi hægra framhorn A rekist á M. M hafi ekki gert tilraun til að færa sig. Aðspurð sagðist Z hafa verið með athyglina við aksturinn þó hún hafi mögulega verið að „skipta um lag í símanum“. Z hafi gefið X og Y upplýsingar um sig en svo „panikkað“ svo mikið að hún fór af vettvangi. Aðspurð um áfengisneyslu sagðist Z hafa nýtt áfengis eftir að hún var komin á áfangastað sinn eftir slysið. Z taldi sig þá hafa ekið A á um 40 kílómetra hraða á klukkustund en hún hefði verið nýkomin út úr hringtorgi. Samkvæmt lögregluskýrslu um atvikið var rökkur/myrkur á vettvangi, rigning og vegur blautur. Var m.a. haft eftir X og Y að A hefði verið ekið á mikilli ferð í átt að þeim.

Fyrir nefndinni gerir M kröfu um miskabætur á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna atviksins, enda hafi tjóni hans verið valdið af stórkostlegu gáleysi Z, sem hafi ekið A á of miklum hraða í aðdraganda þess og á M sem hafi verið fótgangandi alveg við gagnstéttina. Háttsemi Z í kjölfarið hafi þá verið undarleg, en hún hafi farið af vettvangi og örðugt reynst að hafa uppi á henni. Gruni M því að hún hafi verið verulega ölvuð við aksturinn. Hafi M með háttalagi sínu ekki sýnt þá tillitssemi og varúð sem ætla mátti og gerst brotleg við 4. gr. og 2. og 2. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 auk 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. einnig 19. gr. umferðarlaga. Bjart hafi verið og aðstæður ekki með þeim hætti að skýrt geti atvikið sem sé að rekja til háttalags Z og vanmats hennar á aðstæðum.

Í bréfi V er vísað til þess sem fram komi í frumskýrslu lögreglu varðandi það að M hafi verið á akbrautinni en ekki á göngustígnum og að Z hafi tekið eftir M á miðjum veginum en ekki náð að afstýra slysinu. Aðilum beri ekki saman um hver ökuhraði A hafi verið en telji Z hann hafa verið á bilinu 30 til 50 kílómetrar á klukkustund. Sé það því mat V að ósannað sé að slysinu hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi Z. Háttsemi hennar í kjölfar þess hafi verið ámælisverð en það breyti þó ekki þeirri niðurstöðu.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að ljósmyndir í lögregluskýrslu beri með sé að skyggni hafi verið ágætt, enda hásumar, og hefði Z því auðveldlega átt að veita M athygli tímanlega, hefði hún verið með hugann við aksturinn. Af framburði vitna sé þá ljóst að A hafi verið ekið á miklum hraða. Hafi Z því orðið völd að líkamstjóni M með háttsemi sem metin verði henni til stórkostlegs gáleysis og varði við 218. og 219. gr. almennra hegningarlaga. Kemur þá fram að lögmaður M hafi beðið eftir gögnum frá ákærusviði viðkomandi lögregluembættis þar sem málið hafi verið til meðferðar, og að áskilinn sé réttur til að koma þeim gögnum til nefndarinnar berist þau fyrir uppkvaðningu úrskurðar hennar.

Álit:

Svo miskabótakrafa M, skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, komi til álita þarf hann að sýna fram á að Z hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi sem leitt hafi til líkamstjóns M. M byggir m.a. á því að birtuskilyrði hafi verið góð og að af því megi ráða að hefði Z sýnt tilhlýðilega athygli við aksturinn hefði hún átt að verða M vör í tíma. Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu segir hins vegar um akstursskilyrði að birtuskilyrði hafi verið rökkur og myrkur og að engin lýsing hafi verið á brúnni. Þá hafi verið rigning. Gegn því sem fram kemur í frumgögnum málsins, þ.e. fyrirbyggjandi skýrslu lögreglu, verður því ekki fullt um að með því að veita M ekki athygli í tíma hafi Z sýnt af sér stórfellt gáleysi. Er þá einnig litið til þess að M var á akbrautinni, en ekki gangstéttinni til hliðar við hana. Hvað varðar aksturshraða Z verður þá ekki séð að nein sérstök rannsókn hafi farið fram á honum og þó vitni lýsi því svo að A hafi verið ekið á „mikilli ferð“ verður ekki dregin sú ályktun af því að ökuhraði hennar hafi verið umfram lögmæltan hámarkshraða eða ekki til samræmis við aðstæður á vettvangi með þeim hætti að um stórfellt gáleysi Z hafi verið að ræða. Er þá ekki sýnt fram á að Z hafi verið undir áhrifum áfengis eða vímuefna við aksturinn. Liggur þá ekkert fyrir um að ákæra hafi verið gefin út á hendur henni.

Af gögnum málsins má ráða að viðbrögð Z í kjölfar atviksins hafi verið ámælisverð en svo bótakrafa M komi til álita þarf að vera sýnt fram á orsakasamhengi milli stórfelldrar gáleysislegrar háttsemi Z og líkamstjóns hans. Af gögnum málsins verður samkvæmt framansögðu aðeins fullt um það að rökkur hafi verið á vettvangi, en ekki eru efni til að draga skýrslu lögreglu hvað það varðar í efa, og það að M hafi verið á gangi á akbrautinni, þó ekki liggi fyrir nákvæmlega hvar hann gekk.

Hefur því, eins og mál þetta og gögn þess liggja fyrir nefndinni, ekki verið sýnt fram á að Z hafi umrætt sinn sýnt af sér stórfellt gáleysi sem leitt hafi til líkamstjóns M. Af því verður M að bera hallann og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 4. nóvember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir